

Mánudaginn 20. maí 1957.

Nr. 58/1955. **Ólafur Ingimar Ögmundsson**
(Ágúst Fjeldsted hrl.)

gegn

Jóni Björgvin Sveinssyni og gagnsök
(Áki Jakobsson hdl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Umferðarslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1955. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. maí 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 27.800.00 með 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Eftir atvikum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, telst rétt að skipta sök með aðiljum þannig, að hvor þeirra beri að hálfu ábyrgð á slysinu. Fjártjón gagnáfrýjanda þykir hæfilega metið af héraðsdómara samtals kr. 21.750.00. Ber aðaláfrýjanda þá að bæta honum helming þess, kr. 10.875.00, ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð, eins og krafizt er. Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ingimar Ögmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Björgvin Sveinssyni, kr. 10.875.00 með 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi, sem var drukinn og er sagður erfiður viðfangs, þegar hann er með vini, reyndi að nauðsynjalausum að stöðva bifreið þá, sem aðaláfrýjandi stýrði, slangraði að henni og þreif í hurðarsneril, að því er ætla verður, í því skyni að ryðjast inn í hana, þótt hún hefði ekki numið staðar. Þetta atferli gagnáfrýjanda tel ég meginorsök slyssins. Á hinn bóginn er ekki í ljós leitt, að aðaláfrýjandi hafi gætt fullrar aðgæzlu og varkárni, er hann ók áfram án þess að sinna gagnáfrýjanda, og benda líkur til hins gagnstæða. Verður hann því samkvæmt 35. sbr. 34. gr. laga nr. 23/1941 að bera nokkra ábyrgð á afleiðingum slyssins. Tel ég hæfilegt að skipta sök þannig, að aðaláfrýjandi beri $\frac{1}{3}$, en gagnáfrýjandi $\frac{2}{3}$ hluta sakar.

Fallast má á mat héraðsdómara á tjóni gagnáfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að aðaláfrýjanda beri að greiða gagnáfrýjanda $\frac{1}{3}$ af kr. 21.750.00, þ. e. kr. 7250.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags. Svo tel ég og hæfilegt, að hann greiði gagnáfrýjanda kr. 2000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ingimar Ögmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Björgvin Sveinssyni, kr. 7250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Jón Björgvin Sveinsson, Sóleyjartungu, Sandgerði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. febrúar 1954, gegn Lofti Hauk Gunnlaugssyni, Sólbakka, Sandgerði, og Ólafi Ingimar Ögmundssyni, Stígshúsum, Sandgerði.

Hefur stefnandi aðallega gert þær dómkröfur, að stefndi Loft-

ur Haukur verði dæmdur til að greiða honum bætur vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 27.800 með 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags, og málskostnað að mati dómarans. Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi Ólafur Ingimar verði dæmdur til að greiða fyrrgreindar bætur með vöxtum og málskostnaði.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur hans í bifreiðinni G 1193 til tryggingar hinum dæmdu bótum.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið, G 1193, var váttryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og það hefur engar kröfur gert.

Hinir stefndu hafa hvor um sig aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans. Til vara hafa þeir krafizt lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Aðalstefndi, Loftur Haukur, hefur skýrt svo frá atvikum, að um kvöldið þann 3. júní 1951 hafi hann verið á dansleik í samkomuhúsi einu í Ytri-Njarðvíkum. Um nóttina hafi hann síðan ekið í bifreið sinni, G 1193, til Sandgerðis, og hafi þá varastefndi, Ólafur, verið með honum í bifreiðinni, annar maður nokkuð ölv-aður og tvær stúlkur. Um kl. 3.00 hafi þeir verið komnir að samkomuhúsinu í Sandgerði. Hafi hann stöðvað bifreiðina og gengið ásamt hinum ölv-aða manni á bak við húsið. Varastefndi, Ólafur, hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar, en fært sig nú í öikumann-sætið. Kveðst aðalstefndi þá hafa kallað til Ólafs að láta bifreiðina vera, en ekki hafi Ólafur svarað því neinu. Ólafur hafi síðan ekið af stað niður Brekkustíg með um 20 km hraða, miðað við klukkustund. Ólafur muni hafa ekið einn hring þarna í þorpinu og komið aftur að samkomuhúsinu eftir skamma stund, en þar hafi þeir félagar beðið hans. Síðan kveðst aðalstefndi hafa tekið við stjórn bifreiðarinnar. Hafi hann síðan ekið að húsi einu í þorpinu og þar hafi þau varastefndi, hinn karlmaðurinn og önnur stúlkan farið úr bifreiðinni, en hann sjálfur ekið áfram og með honum hin stúlkan. Hafi hann þá frétt á leiðinni, að bifreiðinni myndi hafa verið ekið á stefnanda, meðan varastefndi ók henni, og stefnandi hlotið slæmt fótbrot.

Varastefndi, Ólafur Ingimar, hefur skýrt svo frá, að er aðalstefndi fór úr bifreiðinni við samkomuhúsið í Sandgerði, hafi hann kallað til hans, að hann ætlaði að aka bifreiðinni niður götuna. Aðalstefnandi hafi ekki svarað því neinu og hafi hann þá ekið

af stað, en hann hafi oft áður fengið bifreið þessa lánaða hjá aðalstefnda. Varastefndi, Ólafur, kveðst síðan hafa ekið hægt niður veginn, með um 15 til 20 km hraða, miðað við klukkustund. Er hann hafi verið kominn spölkorn niður veginn, hafi hann séð stefnanda koma gangandi á móti sér. Hafi stefnandi reikað í spori og veifað til þeirra í bifreiðinni. Kveðst varastefndi þá hafa hægt mjög á bifreiðinni, en ekki stöðvað hana alveg. Þar sem hann hafi ekki viljað neitt tala við stefnanda, hafi hann sveigt framhá honum og haldið áfram. Hann hafi ekki orðið þess var, að stefnandi kæmi við bifreiðina, og hann hafi litið út um vinstri hliðarrúðuna, og hafi stefnandi þá verið kominn aftur með bifreiðinni og laus við hana. Kveðst varastefndi þá hafa aukið hraðann og ekið áfram um þorpið og síðan að samkomuhúsinu og hitt þar féлага sína. Aðalstefndi hafi þar tekið við stjórn bifreiðarinnar. Kveðst varastefndi alls ekki hafa orðið þess var, að bifreiðin kæmi við stefnanda í umrætt sinn.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann gengið upp Brekkustíg (Burmabraut) á hægri vegarhelmingi. Hann hafi nokkuð verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki mikið. Er hann hafi verið þarna, hafi bifreið verið ekið á móti honum ekki mjög hratt. Hann hafi þá rétt upp vinstri höndina, til þess að bifreiðin væri stöðvuð. Hægt hafi verið mjög á hraða bifreiðarinnar, og er hún hafi verið um það bil stöðvuð, hafi hann gengið að henni og tekið í handfang vinstri framhurðar og ætlað að opna. Í því hafi bifreiðinni verið ekið áfram af allmiklum hraða. Hann hafi haldið í handfangið og dregið um 20 m með bifreiðinni, en að lokum orðið að sleppa því, og hafi þá hægri fótur hans lent undir bifreiðinni með þeim afleiðingum, að fóturinn brotnaði.

Stúlka, er sat í framsæti bifreiðarinnar G 1193 í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá, að hún hafi ekki heyrt varastefnda biðja aðalstefnda um leyfi til að aka bifreiðinni, er hann ók frá samkomuhúsinu í Sandgerði. Varastefndi hafi ekið frekar hægt niður Brekkustíg, og er þau hafi verið komin nokkurn spöl, hafi hún séð stefnanda koma á móti þeim. Hafi hann verið reikandi í spori og veifað til þeirra með hendinni. Varastefndi hafi hægt á hraða bifreiðarinnar, en ekki stöðvað hana. Stefnandi hafi nú komið að bifreiðinni og tekið í handfang á vinstri afturhurðinni, en í því hafi varastefndi aukið hraða bifreiðarinnar. Eftir þetta hafi hún ekki séð stefnanda, enda ekki gætt að honum, en þó orðið vör við, að hann sleppti handfanginu, en ekki, að hann drægist neitt með bifreiðinni.

Stúlka, er sat í aftursæti G 1193 í umrætt sinn, hefur skýrt svo

frá, að er aðalstefndi fór úr bifreiðinni við samkomuhúsið í Sandgerði, hafi varastefndi kallað til hans, að hann ætlaði að aka niður Brekkustíginn (Burmabrautina). Aðalstefndi hafi svarað þessu einhverju, en ekki kvaðst stúlka þessi hafa heyrt, hvað það var. Varastefndi hafi síðan ekið niður götuna. Ekki hafi hún orðið vör við stefnanda á veginum né að neitt kæmi við bifreiðina á þeirri leið.

Maður sá, sem var í bifreiðinni með þeim aðalstefnda og varastefnda, kveðst hafa verið ölvaður í umrætt sinn og ekki muna eftir viðræðum, er hann og aðalstefndi fóru úr bifreiðinni við samkomuhúsið.

Maður einn, er þarna var staddur skammt frá, kveðst hafa séð stefnanda ganga upp götuna. Hann hafi verið áberandi ölvaður og slagað yfir götuna. Í því hafi G 1193 verið ekið frekar hægt niður götuna. Stefnandi hafi veifað til bifreiðarinnar og slagað að henni. Hafi þá verið hægt mjög á hraða bifreiðarinnar og henni ekið til hægri á veginum til þess að reyna að komast framhjá stefnanda. Stefnandi hafi þá verið kominn að bifreiðinni, en horfið á bak við hana. Bifreiðinni hafi þá verið ekið áfram og þá hafi hann séð stefnanda sitja eftir á vegarbrúninni. Kveðst maður þessi þá hafa farið til hans og hafi hann þá verið meiddur.

Málgkona stefnanda kveðst hafa séð umrætt slys út um glugga hjá sér. Stefnandi hafi verið nokkuð ölvaður, og er hann hafi séð G 1193 koma niður götuna, hafi hann augsnilega ætlað að stöðva bifreiðina. Hafi hann komið að hlið bifreiðarinnar, sem hafi hægt á sér, og gengið með henni. Síðan hafi hraði bifreiðarinnar verið aukinn og stefnandi þá fallið á götuna og dregið nokkurn spöl með henni. Bifreiðinni hafi verið ekið hiklaust áfram. Hún hafi þegar farið út til stefnanda, sem þá hafi legið á götunni nokkuð meiddur.

Kröfur sínar á hendur aðalstefnda byggir stefnandi á því, að hann sem eigandi beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem orðið hafi af notkun bifreiðarinnar G 1193, en ljóst sé af atvikum öllum, að ökumaður bifreiðarinnar, varastefndi í málinu, eigi alla sök á, hvernig fór.

Sýknukröfu sína byggir aðalstefndi fyrst og fremst á því, að hann beri ekki fébótaábyrgð á því tjóni, sem kunni að hafa orðið af notkun bifreiðarinnar G 1193, meðan varastefndi ók henni, þar sem varastefndi hafi ekið henni í fullu heimildarleysi og þrátt fyrir bann hans.

Hér að framan hefur verið lýst atvikum að notum varastefnda á bifreiðinni G 1193 í umrætt sinn og raktar skýrslur stefndu

og vitna um það atriði. Aðalstefndi hefur algjörlega neitað því, að hann hafi heimilað varastefnda að nota bifreiðina í umrætt sinn. Með vísan til þessa verður ekki talið sannað, að aðalstefndi hafi veitt varastefnda heimild til að aka bifreiðinni í umrætt sinn. Samkvæmt þessu og með vísan til ákvæða 2. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 verður því ekki talið, að aðalstefndi beri fábótaábyrgð á tjóni því, sem kann að hafa orðið af akstri bifreiðarinnar, meðan varastefndi stjórnaði henni.

Verður því sýknukrafa aðalstefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Kröfur sínar á hendur varastefnda byggir stefnandi á því, að hann eigi alla sök á slysi þessu með ógætilegum akstri í umrætt sinn.

Varastefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum meiðslum, sem talin verði stafa af akstri bifreiðarinnar í umrætt sinn. Full ástæða sé til að ætla, að stefnandi hafi fallið í götuna og meitt sig, án þess að akstri bifreiðarinnar verði nokkuð um kennt. Þá hefur varastefndi talið, að hegðun stefnanda í umrætt sinn hafi verið slík, að hann verði að teljast eiga alla sök á, hvernig fór.

Þegar litið er til skýrslna varastefnda sjálfs svo og vitna þeirra, er að framan hafa verið raktar, verður að telja sannað, að meiðsl þau, er stefnandi hlaut í umrætt sinn, verði rakin til aksturs bifreiðarinnar G 1193. Telja verður sannað, að stefnandi hafi komið við eða tekið í bifreiðina og að varastefndi hafi orðið þess var. Það var því mjög óvarlegt af honum að aka áfram, án þess að tryggð væri, að stefnandi hefði sleppt bifreiðinni. Verður varastefndi því talinn eiga sök á, hvernig fór. Hins vegar er ljóst, að stefnandi hefur hagað sér mjög ógætilega á veginum og með því að taka í bifreiðina, meðan hún var á ferð. Verður því að telja, að hann eigi einnig sök á, hvernig fór.

Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök á slysi þessu þannig, að telja varastefnda eiga $\frac{3}{4}$ hluta sakar, og ber honum að bæta tjón stefnanda að því leyti.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Bætur fyrir atvinnutjón	kr. 22.050.00
2. Þjáningabætur	— 5.000.00
3. Kostnaður af læknisvottorðum o. fl.	— 300.00
4. Bifreiðakostnaður	— 450.00

Kr. 27.800.00

Um 1.

Stefnandi hlaut slæmt brot á hægri fótlegg rétt neðan við miðju. Var hann fluttur á sjúkrahús skömmu eftir slysið, og var þar gert að meiðslum hans með skurðaðgerð. Hann fór heim til sín þann 11. júní 1951 og lá heima í um sex vikur. Eftir það gat hann gengið um og hóf vinnu um mánaðamótin október og nóvember 1951. Þann 24. október 1953 rannsakaði Þórarinn Sveinsson læknir stefnanda, og segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 6. desember s. á.:

„Maður í meðalholdum, eðlilegur í framkomu. Við almenna skoðun var ekkert sjúklegt að finna.

Hægri fótleggur er með bogadregnu öri, 15 cm löngu, framan á leggnum fyrir neðan miðju. Við þuklun finnst örllítill stallmyndun efst í örinu, og þar eru nokkur eymsli, þegar þreifast er á örinu. Hægri kálfi mælist 0.5 cm rýrari en sá vinstri. Ekki er mælanleg stytting á fótleggnum, og hann er alveg beinn að finna. Hreyfingar í liðamótum eru eðlilegar og kraftar góðir. Reflexar eru eðlilegir.

Við athugun á fótunum sést, að maðurinn hefur ilsig á báðum fótum, mjög mikið, og auk þess eru báðir fætur undnir út á við í öklaliðnum (pes planovalgi).

Ályktun: Um er að ræða fótbrott eftir bíláverka. Útlit er fyrir, að beinin hafi gróið vel saman, en naglar sitja í beinendum, og getur síðar komið til mála, að taka þurfi skrúfurnar burtu.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 1 mánuð fyrst eftir slysið	100% örorka
— 1 — þar á eftir	85% —
— 1 — — - —	75% —
— 1 — — - —	45% —
— 1 — — - —	25% —
— 1 — — - —	15% —

Úr því 10% örorka um 1 árs skeið með hliðsjón af því, að gera verður ráð fyrir, að gipsumbúðirnar gætu hafa valdið versnun á ilsiginu um nokkurt skeið. Ég tel, að úthaldsleysi slasaða við stöður nú stafi meira frá ilsigi á fótum slasaða en brotinu sjálfu“.

Kröfu sína að þessu leyti fær stefnandi þannig fram, að hann kveðst hafa misst af skiprúmi um sumarið 1951 og nokkuð af síldveiðitíma um haustið, en hann hafi verið ráðinn í skiprúm. Telur hann aflahlut sinn mundi hafa numið kr. 19.050.00, sem hann hafi þannig tapað. Þá telur hann hæfilegt að reikna kr. 30.000.00 sem atvinnutekjur þann tíma, sem hann hafi unnið,

en örorka hans verið 10%, og beri honum því kr. 3000.00 í bæt-
ur að þessu leyti.

Af hálfu varastefnda hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem alltof háum og á það bent, að stefnandi hafi unnið fulla vinnu frá mánaðamótum október og nóvember 1951. Þá hefur vara-
stefndi krafizt þess, að til lækkunar þessum lið komi bætur, er stefnandi hafi fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefnandi var 28 ára að aldri, er slysið varð. Hann stundaði sjómennsku og virðist hafa verið heilsuhraustur. Tekjur hans árið 1948 námu kr. 8641.00, árið 1949 kr. 21.216.00, árið 1950 kr. 30.090.00 og árið 1951 kr. 26.000.00. Fram er komið, að stefnandi hefur fengið greiddar kr. 2649.85 í bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyss þessa. Þegar allt þetta er virt svo og annað það, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 17.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til fyrr-
greindra greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2.

Varastefndi hefur mótmælt þessum lið sem alltof háum.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut og afleiðingum þeirra. Þegar það er virt, þykir hæfilegt að taka þenna lið til greina með kr. 4000.00.

Um 3. og 4.

Þessir kröfuliðir hafa engum andmælum sætt og verða því teknir til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, sem hér skiptir máli, nema kr. 21.750.00 (17.000.00 + 4000.00 + 300.00 + 450.00), en eins og áður getur, ber varastefnda að bæta $\frac{3}{5}$ hluta þess, eða kr. 13.050.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að varastefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Af hálfu aðalstefnda hefur því verið sérstaklega mótmælt, að stefnanda beri lögveðréttur í bifreiðinni G 1193 til tryggingar hinum dæmdu bótum.

Eins og að framan hefur verið rakið, var bifreiðin ekki í notkun lögmæts umráðamanns, er slysið varð, og verður því samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna ekki dæmt lögveð í henni til tryggingar skaðabótafjárhæðinni.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Loftur Haukur Gunnlaugsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Björgvins Sveinssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Varastefndi, Ólafur Ingimar Ögmundsson, greiði stefnanda kr. 13.050.00 með 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. maí 1957.

Nr. 49/1957. **Brandur Brynjólfsson** (Baldvin Jónsson hrl.)
 gegn
Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f. (Enginn).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Staðfesting fjárnámsgerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1957. Hann krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu dómsathöfn, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu hennar til greina.

Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu dómsathöfn undir